



Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-15

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



Desember 2017

Aukablað fundargerðir

Sími: 480 5500 | Netfang: gogg@gogg.is



Grímsnes- og



Grafningshreppur

SVEITARFÉLAGIÐ ÞJÓNUSTA STJÓRNSÝSLA ÍBÚAGÁTT Q



Á HEIMASÍÐU OKKAR

gogg.is

ER HÆGT AÐ LESA ALLAR FUNDARGERÐIR
SVEITARSTJÓRNAR OG NEFNDA

SÍMANÚMER HJÁ GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPI

Skrifstofa	480 5500
Kerhólsskóli	480 5520
Sundlaug	480 5530
Áhaldahús	480 5531
Félagsheimili	480 5535



FUNDARGERÐ.

420. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 8. nóvember 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. október 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. október 2017 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 41. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 2. október 2017.

Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 41. fundargerð atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 2. október 2017. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Borg í sveit 2018.

Viðburðurinn Borg í sveit var fyrst haldinn í maí árið 2015 og sá atvinnumálanefnd um að halda utan um þann viðburð eins og fyrir árið 2016 en árið 2017 tók sveitarfélagið það að sér þar sem viðburðurinn hafði stækkað það mikið á milli áranna 2015-2016. Óskar atvinnumálanefnd eftir að sama fyrirkomulag verði haft fyrir árið 2018 og að sveitarfélagið sjái um viðburðinn. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verkefnið verði á ábyrgð starfsmanns sveitarfélagsins.

Förum varlega með eld



Látið kerti


ALDREI

loga innanhúss án eftirlits

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 261. stjórnarfundar 10.11 2017.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð aðalfundar 20.10 2017.
- ✓ SASS. Fundargerð aðalfundar 19. – 20.10 2017.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:30



Gleðileg jól !

b) Fundargerð 143. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 27. október 2017.

Mál nr. 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15 og 23 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 143. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 27. október 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 9: 1710034 - Suðurheiðarvegur 8-10 lnr. 169456: Breytt stærð lands og innri afmörkun lóða: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Eflu verkfræðistofu, dags. 16. október 2017 um breytingu á deiliskipulagi Norðurkots sem nær til lóðanna Suðurheiðarvegur 8-10. Lóðirnar hafa verið mældar upp og breytist afmörkun þeirra og stærð í kjölfar þess. Að mati sveitarstjórnar er breytingin óveruleg og samþykkir hana samhljóða skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um að eigendur aðliggjandi lands samþykki hnitsetningu útmarka lóðanna.

Mál nr. 10: 1710035 - Snæfoksstaðir: Frístundabyggð: Lóð 100 lnr. 169639: Breytt notkun lóðar: Aðalskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Einars Vals Oddssonar og Steinunnar Jónsdóttur, dags. 11. október 2017 um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps á þann veg að lóðin Snæfoksstaðir lóð 100 verði breytt úr sumarhúsalóð í íbúðarhúsalóð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að svæðinu verði breytt í landbúnaðarsvæði í samræmi við aðliggjandi svæði. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða og samþykkir samhljóða breytinguna skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 11: 1710036 - Snæfoksstaðir lóð 100 lnr. 169639: Breytt notkun lóðar: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Einars Vals Oddssonar og Steinunnar Jónsdóttur, dags. 11. október 2017 um breytingu á deiliskipulagi Rauðhólahverfis á þann veg að lóðin Snæfoksstaðir lóð 100 verði breytt úr sumarhúsalóð í íbúðarhúsalóð. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi breytingu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 12: 1512043 - Kerið í Grímsnesi: Deiliskipulag.

Lögð fram að nýju drög að deiliskipulagi fyrir Kerið ásamt lóðablaði sem sýnir afmörkun landsins. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að stækka núverandi bílastæði í átt að þjóðvegi auk þess sem afmarkaðir eru tveir byggingarreitir fyrir starfsmannaaðstöðu, salerni og þjónustuhús. Samkvæmt fyrirbyggjandi lóðablaði er land Kersins 23.84 ha. Afgreiðslu málsins var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 5. júlí s.l. þar til fyrir lægju umsagnir Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar, sem hafa nú borist. Að mati sveitarstjórnar er nauðsynlegt að vegtenging að Kerinu verði færð austar en nú er og það sama á við um fyrirhugaða uppbyggingu mannvirkja í tengslum við starfsemi svæðisins.

Mál nr. 13: 1710021 - Sogsbakki 6: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús.

Fyrir liggur erindi Engilberts Hafsteinssonar, dags. 19. október 2017 þar sem óskað er eftir heimild til að staðsetja sumarhús á lóðinni Sogsbakki 6 utan við byggingarreit sem skilgreindur er skv. gildandi deiliskipulagi. Með vísun í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga telur sveitarstjórn að um svo óverulegt frávík frá skipulagi sé að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp og innsýn. Er því ekki gerð athugasemd við að byggingarfulltrúi veiti leyfi fyrir húsinu.

Mál nr. 14: 1710042 - Selhólsvegur 7A-7D og 15A: Norðurkot: Fækkun lóða og breytt heiti: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Eflu verkfræðistofu, dags. 18. október 2017 um breytingu á deiliskipulagi sem nær til 5 lóða við Selhólsveg 7a-7d og 15a. Í breytingunni felst að ein lóðin fellur inn í aðra auk þess sem lóðarmörk og stærð þeirra breytist og heiti. Skipulagsnefnd mælir ekki með því að lóðir innan skipulagssvæðisins verði sameinaðar þar sem það er almenn stefna nefndarinnar að vera ekki að sameina eða skipta lóðum í þegar byggðum frístundahverfum. Ekki er gerð athugasemd við aðrar breytingar sem tilgreindar eru. Í ljósi nýrra upplýsinga samþykkir sveitarstjórn samhljóða fyrirbyggjandi breytingu á deiliskipulagi lóða við Selhólsveg 7a – 7d og 15a.

Staðfestingargjald, óafturkræft er 30% af gjaldskrá.

Breytingar þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2018.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögur um álagningu gjalda og gjaldskrárbreytingar.

12. Fjárhagsáætlun 2018-2021, fyrri umræða.

Fyrir liggja drög að fjárhagsáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir fjárhagsárið 2018 og fyrir árin 2019, 2020 og 2021 sbr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018 var farið yfir hverja deild fyrir sig og hún skoðuð ýtarlega með tilliti til þess hver áætlun var vegna 2017 og staða deildarinnar eftir 10 mánuði. Þessar forsendur voru svo aðlagðar aðstæðum.

Við mat á útsvarstekjum var stuðst við upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, upplýsingum úr bókhalda sveitarfélagsins og íbúapróun en vísbendingar eru um að íbúasamsetning í sveitarfélaginu leiði ekki til mikilla breytinga á útsvarstekjum. Útsvarsprósenta er sú sama og árið 2017 eða 12,44%. Fasteignaskattur er byggður á upplýsingum um álagningastofn frá Þjóðskrá Íslands og prufukeyrslu úr Fasteignaskrá. Álagningarprósenta fasteignaskatts er sú sama og árið 2017. Tekjur vegna fasteignaskatts hækka um 18,63% á milli ára. Ekki eru áætlaðar tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að gjaldskrá hitaveitu hækki um 4%, gjaldskrá vegna seyrulosunar hækkar um 10%. Einstaka liðir í gjaldskrá sorphirðu og sorpeyðingu hækka verulega í samræmi við raunkostnað ársins 2017. Gjaldskrá Félagsheimilisins Borgar hækkar um 4-5% og stakt skipti í gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar hækkar um 25%. Aðrar gjaldskrár eins og vatnsveitu, mótuneytis og dagvistunargjöld verða óbreytt milli ára.

Gerð er tillaga um heildarfjárfestingar að fjárhæð 94,1 millj. kr.

Ekki er gert er ráð fyrir lántökum vegna fjárfestinga á árinu né sölu eigna.

Sveitarstjórn vísar áætluninni til annarrar umræðu.

11. Gjaldskrá mótuneytis, verði óbreytt:

Stakur hádegisverður í leikskóladeild	177 kr.
Hádegisverður pr. mánuð í leikskóladeild	3.382 kr.
Stök hressing í leikskóladeild	92 kr.
Hressing pr. mánuð í leikskóladeild	2.011 kr.
Hádegisverður fyrir grunnskóladeild	317 kr.
Mjólk pr. mánuð í grunnskóladeild	470 kr.
Ávextir og brauð pr. mánuð í grunnskóladeild	1.176 kr.
Hádegisverður, eldri borgara	410 kr.
Hádegisverður, kostgangara	1.080 kr.

12. Gjaldskrá fyrir Félagsheimilið Borg, verði eftirfarandi:

Veislur:

Fermingar – afmæli, dagveislur	70.000 kr.
Briðkaup – afmæli, kvöldveislur	90.000 kr.
Ættarmót, öll helgin	145.000 kr.
Ættarmót, sólarhringur	70.000 kr.

Fundir:

Kaffistofa	25.000 kr.
Stóri salur	40.000 kr.
Allt húsið	55.000 kr.
Ráðstefnur, námskeið o.p.h.	55.000 kr.

Annað:

Leiga fyrir innansveitarfólk 23.000 kr.

Leiga á húsi pr.klst.	5.000 kr. lágmarkstímar eru 5 klst.
Dansleikir	samningsatriði
Dúkaleiga, pr. dúk	1.000 kr.

Mál nr. 15: 1710015 - Minni-Bær (168264): Umsókn um byggingarleyfi: Bílageymsla.

Fyrir liggur umsókn Vesturtaks ehf., dags. 6. október 2107 um byggingarleyfi fyrir 479,5 m² bílageymslu á landinu Minni-bær 168264. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsóknina með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir eigenda aðliggjandi lands.

Mál nr. 23: 1710003F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-65.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. október 2017.

c) Fundargerð 46. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 27. október 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 24. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshings, 24. október 2017.

Mál nr. 1 og 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 24. fundargerð Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshings, dags. 24. október 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings um fjárhagsaðstoð.

Fyrir liggja drög að endurnýjuðum reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings um fjárhagsaðstoð. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög.

Mál nr. 3: Gjaldskrá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings 2018.

Fyrir liggur tillaga að gjaldskrá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings fyrir árið 2018. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu.

e) Fundargerð aðalfundar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árneshingi (NOS), 20. október 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 5. fundar starfshóps vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu, 19. september 2017.

Lögð fram fundargerð 5. fundar starfshóps vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu, 19. september 2017 ásamt skýrslu KPMG. Fram kemur að nefndin hefur aflað gagna og rætt um ýmsa þætti er tengjast mögulegri sameiningu sveitarfélaga í Árnessýslu. Í ljósi þessara gagna og umræðna innan nefndarinnar samþykkir nefndin að ljúka störfum án þess að skila formlegu álitum um mögulega sameiningu sveitarfélaga. Skýrslan gæti því orðið gott innlegg í viðræður sveitarfélaga um sameiningarmál í framtíðinni. Boðað verður til opins kynningarfundar um niðurstöðu skýrslunnar.

g) Fundargerð 184. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árnesinga, 23. október 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Brennu- og skoteldaleyfi.

Fyrir liggur beiðni frá Hjálparsveitinni Tintron um brennu- og skoteldaleyfi fyrir áramótabrennu og flugeldasýningu á Borg þann 31. desember n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita brennu- og skoteldaleyfi með því skilyrði að gengið verði frá svæðinu eftir notkun þess.

4. Beiðni um styrk vegna lýsingar Iðubruar á Hvítá frá undirbúningshóp verkefnisins.

Fyrir liggur tölvupóstur frá undirbúningshóp um lýsingu Iðubruar, dags. 16. október 2017 þar sem óskað er eftir styrk til lýsingar á Iðubru á Hvítá í tilefni af 60 ára afmæli brúarinnar. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

5. Beiðni um rekstrarstyrk vegna rekstrarársins 2018 frá Stígamótum.

Fyrir liggur bréf frá Guðrínu Jónsdóttur, talskonu Stígamóta, dagsett 15. október 2017 þar sem óskað er eftir fjárstyrk til reksturs samtakanna á árinu 2018. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

6. Beiðni um rekstrarstyrk vegna rekstrarársins 2018 frá Samtökum um kvennaathvarf.

Íþróttasalur:

Fullorðinn – 60 mín.	1.500 kr.
Barn – 60 mín.	750 kr.
Hálfur dagur	12.000 kr.
Heill dagur	21.000 kr.

Sturta	700 kr.
Leiga á sundfatnaði	700 kr.
Leiga á handklæði	700 kr.
Handklæði og sundföt	1.000 kr.

Íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu er boðið upp á að kaupa árskort í sund, þreksal og íþróttasal.

Fullorðnir, 17-67 ára	8.000 kr.
Börn, 10-16 ára	3.500 kr.
Ellir- og örorkulífeyrisþegar	3.500 kr.

Fritt er fyrir börn 9 ára og yngri með lögheimili í sveitarfélaginu.

10. Gjaldskrá dagvistargjalda í leikskóladeild Kerhólsskóla, verði óbreytt:

4 klst. vistun	12.965 kr.
4,5 klst. vistun	14.587 kr.
5 klst. vistun	16.206 kr.
5,5 klst. vistun	17.828 kr.
6 klst. vistun	19.456 kr.
6,5 klst. vistun	21.069 kr.
7 klst. vistun	22.691 kr.
7,5 klst. vistun	24.311 kr.
8 klst. vistun	25.933 kr.
8,5 klst. vistun	27.554 kr.
9 klst. vistun	29.174 kr.

Systkinaafsláttur reiknast eingöngu af grunngjaldi og verður 50% fyrir annað barn og 100% fyrir þriðja og fjórða barn. Önnur afsláttakjör verða óbreytt.

Gjald fyrir auka mælagrind er kr. 97.864.

Auk stofngjaldsins sem að framan greinir skal greiða 4.909 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.

E. Önnur gjöld

Lokunargjald verður kr. 18.387 og auka álestur kr. 8.653.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði kr. 15.000 án vsk á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

7. **Lóðaleiga**, verði 1% af lóðamati.

8. **Gatnagerðargjöld**, verði óbreytt.

9. **Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar Borg**, verði eftirfarandi:

		börn 10-16 ára,
Sund:		elli- og örorkulífeyrisþegar
Stakt skipti	fullorðnir, 17-67 ára	
10 miða kort	1.250 kr.	500 kr.
30 miða kort	5.000 kr.	2.500 kr.
Árskort	13.000 kr.	6.500 kr.
	35.000 kr.	17.500 kr.

Börn 0-9 ára fá frítt í sund.

Þreksalur:

Stakt skipti	1.800 kr.
10 miða kort	11.000 kr.
30 miða kort	21.000 kr.
Árskort	35.000 kr.

Fyrir liggur bréf frá Þórlaugu R. Jónsdóttur f.h. Samtaka um kvennaathvarf, dags. í október 2017 þar sem óskað er eftir styrk til reksturs samtakanna árið 2018 að fjárhæð kr. 200.000. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

7. **Bréf frá framkvæmdarstjóra Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands.**

Fyrir liggur bréf frá Dagný H. Jóhannsdóttur, framkvæmdarstjóra Markaðsstofu Suðurlands, dagsett 9. október 2017 þar sem óskað er eftir framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands til ársloka 2020. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að framlengja samstarfssamninginn og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir samninginn.

8. **Úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna breytingar á deiliskipulagi í Kiðjabergi.**

Lagður fram.

9. **Bréf frá Teiti Gunnarssyni þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa vegna endurskoðunar sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi.**

Fyrir liggur bréf frá Teiti Gunnarssyni f.h. verkefnisstjórnar sorp-samlaganna á Suðvesturlandi, dagsett 30. október 2017 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa vegna endurskoðunar sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi. Sveitarstjórn tilnefnir Gunnar Þorgeirsson sem fulltrúa sveitarfélagsins í verkefnið og Sigrúnu Jónu Jónsdóttur til vara.

10. **Afrit að bréfi Skipulagsstofnunar til Svartsins ehf. vegna fyrirspurnar um málsmeðferð fyrir þjónustumiðstöðvar við þjóðvegi.**

Fyrir liggur afrit af bréfi Skipulagsstofnunar, dagsett 25. september 2017 til Svartsins ehf. vegna fyrirspurnar um málsmeðferð fyrir þjónustumiðstöðvar við þjóðvegi. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. **Bréf frá Kristjáni Þór Júlíussyni, mennta-og menningarmálaráðherra og Guðrúnu Nordal, forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar þar sem minnt er á dag íslenskrar tungu, þann 16. nóvember n.k.**

Fyrir liggur bréf frá Kristjáni Þór Júlíussyni, mennta- og menningarmálaráðherra og Guðrúnu Nordal, forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar þar sem þar sem minnt er á dag íslenskrar tungu, þann 16. nóvember n.k. Bréfið lagt fram til kynningar.

12. Tölvupóstur frá Sigurði Ó. Jónssyni, skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss vegna breytinga á Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022, hafnarsvæði.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Sigurði Jónssyni, skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 19. október 2017 vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss, hafnarsvæði. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

13. Tölvupóstur frá Sigurði Ó. Jónssyni, skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss vegna breytinga á Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022, Árbær IV.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Sigurði Jónssyni, skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 24. október 2017 vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss, Árbær IV. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

14. Skipan fulltrúa í æskulýðs- og menningarmálanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur að aðalfulltrúi C-lista í æskulýðs- og menningarmálanefnd og jafnframt formaður nefndarinnar, Hugrún Gréta Sigurðardóttir er flutt úr sveitarfélaginu. Fulltrúar C-lista tilnefna Steinar Sigurjónsson sem formann nefndarinnar og Ragnhildi Ýr Gunnarsdóttur sem aðalfulltrúa í nefndinni út kjörtímabilið 2014-2018.

15. Fjárhagsáætlun 2017 og 2018.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2017 eftir fyrstu tíu mánuði ársins og drög að fjárhagsáætlun ársins 2018 rædd.

6. Hitaveita, 5. gr. A, B, C, D og E-liður gjaldskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps breytist þannig:

A. Hemlagjald (varmagjald):

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lámærstilling er 3,0 l/mínútu.

Hemlagjald fyrir hvern mínútuliter á mánuði hækkar úr kr. 2.477 í kr. 2.576.

B. Eldri samningar

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn hækkar gjald fyrir hvern mínútuliter úr kr. 2.209 á mánuði í kr. 2.297.

C. Rúmmetragejald skv. mæli:

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skal greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns hækkar úr kr. 117,80 í kr. 122,50.

Sumarbústaður sem er með mæli og greiðir skv. rúmmetragejaldi skal þó aldrei greiða minna en sem nemur 3,0 l/mínútu eða sem nemur kr. 7.728 á mánuði, sbr. A-liður 5. gr.

Mælagjald á mánuði:

C1 Stærð mælis/hemils DN 15 1.228 kr.

C2 Stærð mælis/hemils DN 20 1.756 kr.

C3 Stærð mælis/hemils DN 25 2.170 kr.

C4 Stærð mælis/hemils DN 32 2.588 kr.

C5 Stærð mælis/hemils DN 40 3.006 kr.

C6 Stærð mælis/hemils DN 50 4.113 kr.

D. Stofngjöld

Íbúðarhús allt að 300m³ og gróðurhús allt að 200m³ kr. 655.777 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 250 kr/m³.

Vélageymslur og gripahús allt að 300m³ kr. 381.202 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 250 kr/m³.

Fyrir sumarhús er stofngjaldið kr. 655.777.

5. **Vatnsveita**, vatnsskattur eigna í fasteignaskattsflokki A, lögbýli/einbýlishús, verði 0,25% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 50.000 á hverja eign/hús.

Vatnsskattur eigna í fasteignaskattsflokki A í skipulagðri frístundabyggð verði 0,25% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 65.000 og lágmarsálagning verði kr. 25.000 á hús.

Vatnsskattur eigna í fasteignaskattsflokki C verði 0,25% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 170.000 á hverja eign/hús.

Tengigjöld vatnsveitu (stofngjöld) fyrir frístundahús og íbúðarhús verða kr. 480.965.

Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða kr. 714.385.

Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald kr. 25.000.

Fyrir ný skipulagða frístundabyggð sem tengjast skal vatnsveitu sveitarfélagsins skal landeigandi greiða kr. 45.000 fyrir hverja lóð á skipulagi fyrir lagningu stofnlagnar.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði kr. 15.000 án vsk á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

Gjaldskráin miðast við að heimtaug í sumarhús sé 20mm. Velji menn 25mm heimtaug tvöfaldast tengigjaldið og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 183. stjórnarfundar 18.10 2017.
 - ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 260. stjórnarfundar 18.10 2017.
 - ✓ SASS. Fundargerð 524. stjórnarfundar 04.10 2017.
 - ✓ SASS. Fundargerð 525. stjórnarfundar 18.10 2017.
 - ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 853. stjórnarfundar, 27.10 2017.
 - ✓ Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna fundar tengiliðahóps um opinber innkaup.
 - ✓ Markaðsstofa Suðurlands, ársreikningur 2016.
 - ✓ Tónlistarskóli Árnesinga, ársskýrsla 2016.
- liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:45



FUNDARGERÐ.

421. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningsshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 22. nóvember 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningsshrepps frá 8. nóvember 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningsshrepps frá 8. nóvember 2017 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 22. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningsshrepps, 30. mars 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 64. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningsshrepps, 15. nóvember 2017.

Mál nr. 1, 7a og 7b þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 64. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningsshrepps, dags. 15. nóvember 2017. Eftirfarandi dagskrárlíðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

3. **Seyra**, seyrulosunargjald vegna kostnaðar við seyrulosun/fráveitukerfi verði kr. 10.098 á hvert íbúðarhús, sumarhús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotpró eða vera tengt viðurkenndu fráveitukerfi.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og verður það 0,23% af fasteignamati húss.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna frá lóðarmörkum við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 211.750.

4. **Sorp**, álagning vegna sorphirðu og sorpeyðingar vegna heimilissorps er:

Sorphirðugjald:

<i>Ílátastærðir</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>	<i>Græntunna</i>
<i>240 L ílát</i>	<i>17.364 kr.</i>	<i>7.532 kr.</i>	<i>7.532 kr.</i>
<i>360L</i>	<i>25.920 kr.</i>	<i>11.160 kr.</i>	<i>11.160 kr.</i>
<i>660 L ílát</i>	<i>50.104 kr.</i>	<i>23.054 kr.</i>	<i>23.054 kr.</i>
<i>1700L</i>	<i>127.500 kr.</i>	<i>52.700 kr.</i>	<i>52.700 kr.</i>
<i>1.100 L ílát</i>	<i>82.343 kr.</i>	<i>37.265 kr.</i>	<i>37.265 kr.</i>
<i>3.000 L ílát</i>	<i>216.000 kr.</i>	<i>93.000 kr.</i>	<i>93.000 kr.</i>
<i>8.000 L ílát</i>	<i>576.000 kr.</i>	<i>248.000 kr.</i>	<i>248.000 kr.</i>

Sorpeyðingargjald:

<i>Íbúðarhúsnæði</i>	<i>21.000 kr.</i>
<i>Fristundahúsnæði</i>	<i>17.713 kr.</i>
<i>Lögbýli</i>	<i>10.269 kr.</i>
<i>Fyrirtæki</i>	<i>34.362 kr.</i>

Gjaldfrjálst verður á gámostöð fyrir allt að 3 m³ vikulega.

Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð, miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

11. Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2018.

Fyrir liggja tillögur að gjaldskrár og álagningu gjalda vegna ársins 2018.

1. **Útvarshlutfall** árið 2018 verði óbreytt 12,44%.
2. **Fasteignaskattur A**, 0,475% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bilageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C, 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

Afsláttur er af fasteignaskatti íbúðarhúsa til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign. Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Til tekna teljast bæði launatekjur og fjármagnstekjur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Tekjumörk vegna afsláttar ársins 2018 eru eftirfarandi:

Tekjur einstaklinga	Tekjur hjóna	Niðurfelling
Allt að 2.566.000	Allt að 3.844.000	100%
Milli 2.566.001 – 2.981.000	Milli 3.844.001 – 4.426.000	75%
Milli 2.981.001 – 3.451.000	Milli 4.426.001 – 5.009.000	50%
Milli 3.451.001 – 3.844.000	Milli 5.009.001 – 5.603.000	25%

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda:

Fjárhæðir að 25.000 eru með einn gjalddaga 1. maí, 25.001-90.000 eru með 5 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. júlí og 90.001 og yfir verði með 7 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. september

Mál nr. 1: Kynning á fjárhagsáætlun.

Fræðslunefnd fór yfir drög að fjárhagsáætlun 2018 fyrir skólann. Lagður var fram óskalisti um fjárfestingu á skólalóð ofl. Sveitarstjórn vísar þessum lið til gerðar fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Mál nr. 7a: Önnur mál.

Fræðslunefnd óskar eftir að fundin verði betri lausn á aðkomu flutningabíla að mótuneyti skólans. Sveitarstjóra falið að ræða við flutningsaðila.

Mál nr. 7b: Önnur mál.

Óskað eftir að sveitarstjórn afhendi bækurnar „Fyrstu dagarinnir“ og „Árin sem enginn man“ til nýbakaðra foreldra í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

c) Fundargerð 144. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 9. nóvember 2017.

Mál nr. 1 og 9 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 144. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 9. nóvember 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: 1711021 - Áætlanagerð Skógræktar ríkisins og Landgræðslunnar.

Hreinn Óskarsson og Hrefna Jóhannesdóttir hjá Skógrækt ríkisins kynntu fyrirhugaða vinnu við gerð lands- og landshlutaáætlana fyrir skógrækt og landgræðslu.

Mál nr. 9: 1710006F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-66.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. nóvember 2017.

d) Fundargerð 47. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 9. nóvember 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð ársfundar Bergrisans bs., 25. október 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 11. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 10. og 11. október 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 185. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árnesinga, 30. október 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Undirskriftarlisti frá nemendum í 8. – 10. bekk Kerhólsskóla þar sem óskað er eftir skólahreystibraut og rallýkrossbraut.

Fyrir liggur undirskriftarlisti frá nemendum í 8. – 10. bekk Kerhólsskóla þar sem óskað er eftir skólahreystibraut og rallýkrossbraut. Sveitarstjórn skoðar fjármögnun skólahreystibrautar við gerð fjárhagsáætlunar en ekki er hægt að verða við beiðni um akstursbrautir.

4. Tölvupóstur frá Bjarna Guðmundssyni f.h. stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið skipi fulltrúa sveitarfélagsins á félagsfund sorpstöðvarinnar þann 15. desember n.k.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Bjarna Guðmundssyni f.h. Sorpstöðvar Suðurlands, dags. 17. nóvember 2017 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið skipi fulltrúa sveitarfélagsins á félagsfund sorpstöðvarinnar þann 15. desember n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Gunnar Þorgeirsson verði fulltrúi sveitarfélagsins og Ingibjörg Harðardóttir til vara.

5. Tölvupóstur frá Bjarna Guðmundssyni framkvæmdarstjóra SASS f.h. atvinnumálanefndar SASS þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á Orkunýtingarstefnu SASS 2017 – 2030.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Bjarna Guðmundssyni framkvæmdarstjóra SASS, dags. 17. nóvember 2017 þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á Orkunýtingarstefnu SASS 2017 – 2030. Sveitarstjórn gerir orkunýtingarstefnu SASS að sinni.

6. Beiðni um styrk frá Landgræðslu ríkisins vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Landgræðslu ríkisins til verkefnisins „Bændur græða landið“. Óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 36.000. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

7. Beiðni um styrk frá Aflinu vegna reksturs samtakanna.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi til reksturs samtakanna. Jafnframt er lögð fram ársskýrsla samtakanna fyrir árið 2016. Sveitarstjórn hafnar styrkbeiðninni.

8. Beiðni um styrk frá Saman-hópnum vegna forvarnarstarfs hópsins.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Saman-hópnum, samstarfshópur frjálsra félagasamtaka, stofnanna og sveitarfélaga sem láta sig varða forvarnir og velferð barna. Einnig liggur fyrir framkvæmda-áætlun hópsins fyrir árið 2018. Sveitarstjórn hafnar styrkbeiðninni.

9. Bréf frá Umhverfisstofnun þar sem vakin er athygli á breytingum á upplýsingagjöf sveitarstjórnar við útgáfu og endurskoðun á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Fyrir liggur bréf frá Umhverfisstofnun, dagsett 6. nóvember 2017 þar sem vakin er athygli á breytingum á upplýsingagjöf sveitarstjórnar við útgáfu og endurskoðun á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Bréfið lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá sviðsstjóra Þjóðskrár Íslands, Hirti Grétarssyni þar sem tilkynnt er um leiðrétt fasteignamat 2018.

Fyrir liggur bréf frá sviðsstjóra Þjóðskrár Íslands, Hirti Grétarssyni, dagsett 1. nóvember 2017 þar sem tilkynnt er um leiðrétt fasteignamat 2018. Bréfið lagt fram til kynningar.